

Leikskólinn Hvammur



Hvernig á að kenna börnum sjálfsvernd, sjálfsstjórn og sjálfstyrkingu. Börn með góða sjálfsmynd og sjálfsstjórn eru að öllum líkindum ólíklegri en önnur börn til að leggja aðra í einelti eða verða fórnarlömb eineltis. Þegar börn kunna mörk á hvað eru boðlegt að gera og hvaða hegðun má láta óáreitta hjá öðrum börnum er líklegri en ekki að þau geti svarað fyrir sig og varið sig gegn ofbeldi af allri gerð (einelti, líkamlegu og andlegu ofbeldi)

Eineltisáætlun leikskólans Hvamms

Einelti á vinnustað getur verið af ýmsum toga. Stjórnandinn er í lykilstöðu til að fyrirbyggja slíkt og sýna gott fordæmi í að skapa góðan starfsanda. Vitanlega getur orsakanna verið að leita hjá stjórnandanum sjálfum og þá vandast málið. Fáir eru færir um að dæma í eigin sök. Í þeim tilfellum er hægt að leita til trúnaðarmanns leikskólans eða starfsmannastjóra Hafnarfjarðarbæjar.

Í stað þess að einblína á einstaklinginn sem verður fyrir aðkastinu, félagslegu einangruninni, baktalinu eða kynferðislegu áreitninni er vænlegra að líta á þá eða þann sem stendur fyrir aðförinni. Þar liggur vandinn sem þarf að leysa. Finna þarf foringjann og fá hann til að sjá málið frá sjónarhóli þolendans. Hvernig eru samskiptin og hvað veldur því að vinnufélagar finna hvöt til að leggja viðkomandi í einelti.

Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun inn á vinnustað.

Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu á starfi eða fyrirvaralaus brottvikningu.

Allar ásakanir um einelti eru skoðaðar.

Þegar um atvik sem hafa verið upplýst eða þar sem vafi leikur á réttmæti ásakanna er mikilvægt að leita sátta.

Gott getur verið að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að stýra slíkum sáttafundi.

Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi – þar sem einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einhvern einstakling (*Guðjón Ólafsson 1996:11*). Það getur tekið á sig margar birtingarmyndir sem eru missýnilegar. Drengir nota líkamlegt ofbeldi meira heldur en stúlkur. (*Olweus, 2005:5-6*).

Umboðsmaður barna skilgreinir einelti á eftirfarandi hátt:

Munnlegt ofbeldi:

- Um er að ræða uppnefningar, stríðni og niðurlægjandi athugasemdir.

Félagslegt ofbeldi:

- Þegar einstaklingurinn er skilinn útundan og fær ekki að taka þátt t.d. í afmælisveislum og öðru slíku sem önnur börn taka þátt í.

Efnislegt ofbeldi:

- Þegar eigur þess sem verður fyrir ofbeldinu eru eyðilagðar eða þeim stolið.

Andlegt ofbeldi:

- Þegar einstaklingur er látinn gera eitthvað sem stríðir á móti vilja hans og réttlætiskennnd.

Líkamlegt ofbeldi:

- Þegar einstaklingur verður fyrir ofbeldi af hálfu annarra.

Ferli vegna eineltis:

Flestir tengja einelti við grunnskóla landsins en oft byrjar eineltið í leikskólanum þó svo að það fari ekki að ágerast verulega fyrr en í grunnskóla. (*Umboðsmaður barna 1998:9*).

Dæmi um einelti í leikskóla er þegar börn skilja útundan og tala illa og leiðinlega um leikfélaganna. Til að koma í veg fyrir einelti þarf að koma á fræðslu um einelti í leikskóla (*Umboðsmaður barna 1998:16*). Í leikskólum þarf að vinna fyrirbyggjandi starf sem hjálpar börnum að vera ákveðin og sjálfsörugg. Jafnframt þarf að kenna samskiptareglur og styrkja sjálfstraust þeirra. Börn þurfa að læra að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða náungann.

Einelti getur átt sér stað á milli:

- starfsmaður/starfsmaður
- starfsmaður/barn
- barn/barn

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir þegar kemur að greiningu og lausn eineltismála og ber öllum að stöðva slæmt umtal strax í

fæðingu. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. Starfsmenn eiga að vera góðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Markmið áætlunar er að:

- skapa umræður þannig að starfsmenn séu meðvitaðir um einelti og afleiðingar þess
- efla góð samskipti milli starfsmanna

Til að sporna gegn einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra
- styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina

Deildarstjóri er vakandi og fylgist með hegðun barnanna við mismunandi aðstæður. Starfsmönnum ber að fylgjast með því hvort einelti sé í gangi eða er undirliggjandi bæði meðal starfsfólks og barna og láta yfirmenn vita af því um leið og grunur vaknar.

Stór hluti af félagslegu námi barna fer fram í gegnum leikinn.

Leiklist hjálpar nemendum til þess að setja sig í spor annarra, eflir sjálfstraust og sjálfstæðar ákvarðanatökur. Leiklist er hópavinna þar sem nemendur vinna saman og því þjálfar hún samskiptahæfni barnanna.

Bókmenntir eru áhrifaríkur miðill sem getur veitt nemendum á öllum aldri innsýn í reynsluheim og tilfinningar. Í hlutverkaleik fara börn í annað hlutverk en vanalega, þar geta þau unnið úr tilfinningum sínum og upplifunum í gegn um leikinn.

Verum vakandi, verum meðvituð og látum einelti ekki viðgangast í okkar skóla

Reglur og agamál – uppeldi til ábyrgðar –

Til að koma í veg fyrir einelti þarf að muna að öll börn þurfa að finna fyrir öryggi, umhyggju, frelsi, gleði og að þau geti sjálf haft áhrif. Þetta eru grundvallarþarfir barnsins til að styrkjast og þroskast. Við sköpum jákvætt umhverfi með því að sýna barninu vinsemd, hlusta á það og spyrja frekar en að koma með lausnina fyrir það. Við gefum barninu svigrúm til að taka eigin ákvarðanir en fylgjum þó reglum skólans. Við æfum barnið í að leita lausna en grípum til stuttra inngripa til að beina þeim á rétta leið ef á þarf að halda og notum þá frasana okkar sem eru:

- Hvað ætlar þú að gera í því?
- Gengur betur næst
- Æfingin skapar meistarann
- Æfðu þig
- Mistök eru góð þau kenna okkur
- Vandaðu þig
- Stopp kæra vinkona / kæri vinur
- Getur þú aðstoðað mig
- Vilt þú aðstoð

- Það er í lagi að gera mistök, við erum að æfa okkur

Það er góð vinnuregla í byrjun skólaárs að starfsmenn deildarinnar ræði verklag og komi sér saman um hvar mörkin liggja með fáum skýrum reglum. Gott er að fara af stað með umræður í hópastarfi með börnunum. Þar er hægt að koma sér saman um mikilvæg atriði eða gildi í samskiptum. Þessi gildi eru síðan höfð að leiðarljósi í starfinu með börnunum út veturinn. Gott er að nota myndir í þessari vinnu þannig geta börnin rætt um og tileinkað sér atriðin með kennaranum.

Hvernig er leyst úr ágreiningi þannig að það gagnist báðum. Ræða við barnið og höfða til innri sannfæringar þess, reglur eru aðeins notaðar til vara og þá er rakið á milli reglufestu og uppbyggingar. Þannig notum við reglur ásamt því að vekja barnið til umhugsunar um hvers vegna það sé mikilvægt að breyta rétt. Það má gera með því að spyrja opinna spurninga eins og:

Hvernig vinur viltu vera

Hvernig getur þú lagað þetta

Hvað ætlar þú að gera í þessu

Mikilvægt er að barnið fái æfingu í að setja orð á tilfinningar sínar og þarfir og segja frá hvar mörk þeirra liggja. Markmiðið er að barnið vakni til vitundar um að það geti valið um leiðir til að sinna þörfum sínum. Við hjálpum því að læra af mistökum sínum og að finna betri leið til að fá það sem það þarfnast.

Þjálfra samskiptatækni og tjáningu um eigin líðan og hvað börnin vilja

Hvernig má skapa jákvætt umhverfi

Börn vita ekki sjálfkrafa hvaða hegðun er æskileg og hver ekki. Þess vegna skiptir máli að kenna börnum hvaða hegðun er æskileg og góð.

Börn læra hvort hegðun þeirra er æskileg eða ekki út frá því hvernig fólk í kringum þau bregst við hegðun þeirra. Hægt er kenna börnum æskilega hegðun með því að bregðast við slíkri hegðun á jákvæðan hátt.

Mikilvægt er að grípa þau tækifæri sem gefast til að gefa barninu jákvæða athygli fyrir æskilega hegðun. Jákvæð athygli getur verið hrós, bros til barnsins, faðmlag, leikur og annað sem barninu finnst skemmtilegt.

Oft gleymist að veita barni athygli þegar það er hljótt og að dunda sér sjálft. Algengt er að barn sem sýnir erfiða hegðun fái neikvæða athygli fyrir það. Það getur því gerst að barn fái oftast athygli fyrir erfiða hegðun en góða. Þetta getur orðið til þess að erfiða hegðunin verði algengari en sú æskilega. Munið því að veita æskilegri hegðun athygli. Við styrkjum sjálfstraust barna með því að vera dugleg að benda þeim á það sem þau gera vel.

Við vitum ekki alltaf hvort barn skilur öll orðin sem við notum við það. Því er mikilvægt að treysta ekki eingöngu á talað mál til að kenna nýja hegðun. Gott er að kenna börnum nýja hegðun með því að sýna þeim hvernig þau eiga að hegða sér.

Þegar fyrirmæli eru gefin er mikilvægt að vera nálægt og ná augnsambandi við barnið. Fyrirmæli eiga að vera skýr, stutt og einföld. Ávallt skal útskýra fyrir barninu til hvers er ætlast af því og hafa setningar stuttar og einfaldar.

Gott er að fylgjast með hvort barnið hafi farið eftir fyrirmælum. Ef fyrirmæli eru gefin án þess að þeim sé fylgt eftir af kennara, læra börn síður að þau eiga að gera eins og kennari segir þeim. Þegar skoðað er hvort barnið hafi farið eftir fyrirmælum skiptir máli að sýna því jákvæða athygli ef það hefur farið eftir fyrirmælunum en minna það á og aðstoða það ef barnið hefur ekki gert eins og það var beðið um. Nauðsynlegt er að vera sjálfum sér samkvæmur, standa við orð og gerðir; nei á að þýða nei. Kennarar þurfa að fylgjast eigin hegðun og viðbrögðum, og vera meðvitaðir um áhrif sín á hegðun barnsins. Kanna hvaða reglur eru í gildi og hvort og hvernig þeim er fylgt. Reglur ættu að vera leið til að ná ákveðnu markmiði, en ekki að vera reglur reglnanna vegna. Nauðsynlegt er að allir séu samtaka og noti samræmdar uppeldisaðferðir.

Til að fá barn til að hætta erfiðri hegðun er gott að segja barninu hvað það á að gera því annars er ekki líklegt að barnið átti sig á því sjálft. Gott er að hafa í huga að eftirfarandi orð hjálpa barninu ekki að hætta erfiðri hegðun: „ekki“ og „hættu þessu“.

Börn skilja betur þegar þeim er sagt hvað er ætlast til af þeim en þegar þeim er sagt hvað þau eiga ekki að gera. Með skýrum skilaboðum má koma í veg fyrir mikið af óæskilegri hegðun. Þumalputtareglan er því **„ekki segja ekki“**.

Mikilvægt er að samræma verklagsreglur og nota frasana okkar þannig að börnin fái sömu skilaboð frá öllum kennurum hússins.

Hafa röð, reglu og rútinu á starfinu með börnunum, börn vilja vita hvað kemur næst. Muna að koma fram við börnin eins og við viljum að þau komi fram við okkur af virðingu og kurteisi. Aðferðin „Time out“ er ekki notuð hér í leikskólanum! Hægt er að bjóða barni að fara afsíðis og koma þegar það er tilbúið, þannig fær barnið tækifæri á að taka ábyrgð á eigin hegðun. Barn er þó aldrei skilið eftir eitt án eftirlits. Ef barn er tekið úr aðstæðum, er mikilvægt að láta það vita hvers vegna það var tekið úr aðstæðunum og að það sé velkomið tilbaka inní hópinn þegar það hefur jafnað sig. Fyrst fær barnið tækifæri til að róast og síðan að ræða málin og íhuga „hvernig vil ég vera“. Við tökum mið af þörfum barnsins og æfum það í að leita lausna. Endurmetum aðstæður með barninu og aðstoðum það við að finna leiðir sem hefðu getað gagnast betur. Við notum uppbyggingu en ávítum ekki börnin, tilgangurinn er hvorki að vekja sektarkennd né skömm hjá barninu. Betra er að segja:

- Þú getur gert betur,
- æfðu þig
- það gengur betur næst

heldur en

- Af hverju gerir þú ekki betur?